

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Suðurhafnar, lóð nr. 5 við Fornubúðir.*

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 3. febrúar 2021 breytingu á deiliskipulagi Suðurhafnar vegna lóðarinnar Fornubúðir 5. Í breytingunni felst breyting á skilmálum til samræmis við gildandi aðalskipulag. Erindið var grenndarkynnt, ein athugasemd barst. Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi Suðurhafnar, lóð nr. 6 við Óseyrarbraut.*

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 15. desember 2020 að grenndarkynna breytingu á deiliskipulagi Suðurhafnar vegna lóðarinnar Óseyrarbraut 6. Í breytingunni felst að nýtingarhlutfall lóðarinnar eykst úr 0,4 í 0,6, byggingarreitur verði óbreyttur. Engar athugasemdir bárust á kynningartíma. Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*Hafnarfirði, 12. febrúar 2021.*

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Guðrún Guðmundsdóttir.**